

Nefndasvið Alþingis

Bt. Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara

Sent rafrænt á netfangið: selmah@althingi.is

Reykjavík, 30. maí 2017

Tilvísun: 201704-3349, SKR 055

Umsögn Einkaleyfastofunnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna heitis Einkaleyfastofunnar, þskj. 500, 371. mál á 146. löggjafarþingi 2016-2017

Vísað er til erindis, dags. 6. apríl 2017 þar sem Einkaleyfastofunni var veitt færi á að koma á framfæri athugasemdum við ofangreint frumvarp. Einkaleyfastofan sendi inn örstutt erindi þann 18. apríl sl. og sóttu fulltrúar stofnunarinnar jafnframt fund atvinnuveganefndar þann 23. maí sl.

Þar sem frekari umsagnir hafa borist nefndinni eftir fundinn 23. maí sl., óskar Einkaleyfastofan eftir því að koma frekari sjónarmiðum á framfæri.

Þær umsagnir sem borist hafa vegna frumvarpsins eiga það sammerkt að færð eru rök fyrir því að breyting á heiti Einkaleyfastofunnar í Hugverkastofan sé of víðtækt og jafnvel villandi þar sem stofnunin beri ekki ábyrgð á málefnum höfundaréttar. Að mati stofnunarinnar felur nýtt heiti, Hugverkastofan, hvorki í sér villandi eða of víðtæka skírskotun og færir stofnunin fyrir því eftirtalin rök.

Hlutverk Einkaleyfastofunnar og hugtakið einkaleyfi

Eins og fram kemur í umsögn SI er það skilgreint hlutverk Einkaleyfastofunnar samkvæmt reglugerð nr. 188/1991 að fara með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignaréttinda á sviði iðnaðar. Meginstarfsvið stofnunarinnar lýtur að umsýslu með vörumerkjum, einkaleyfum og hönnun en aðrar tegundir hugverkaréttinda, sem stofnunin hefur umsjón með eða kemur að með einhverjum hætti og ekki eru sérstaklega nefnd í reglugerðinni, má sem dæmi nefna félagamerki, byggðamerki, viðbótavottorð vegna einkaleyfa og afurðarheiti (sem umsagnaraðili MAST vegna skörunar við vörumerki). Þá skarast starfsemi stofnunarinnar við Neytendastofu vegna málefna í tengslum við þjóðfána Íslands. Þá er það einnig skilgreint hlutverk Einkaleyfastofunnar að veita ráðgjöf á þessu sviði og er því nálgun SI of þröng miðað við þau verkefni sem stofnuninni ber samkvæmt reglugerðinni að sinna.

Heiti stofnunarinnar felur í sér skírskotun til einnar tegundar hugverkaréttinda, einkaleyfa (e. *patent*), sem er réttarvernd sem tekur aðeins til tæknilegra uppfinninga. Hugtakið einkaleyfi hefur hins vegar, eins og vikið er að í frumvarpi, öðlast aðra merkingu hér á landi og í löggjöf má víða sjá



notkun hugtaksins einkaleyfi í stað hugtaksins „einkaréttur“, eins og til dæmis vegna sérleyfisferða, sbr. orðskýringar í 3. gr. laga nr. 73/2001 um fólksflutninga og farmflutninga á landi. Þá er iðulega í umfjöllun fjölmiðla um vörumerki fjallað um „einkaleyfi“ og talsvert af fyrirspurnum til stofnunarinnar varða „einkaleyfi“ á innflutningi eða sölu varnings, akstursleiðum o.fl. Meðal annars vegna þessa ruglings er lagt til í Hugverkastefnu fyrir Ísland sem sett var árið 2016 til ársins 2022 að skoðað yrði að taka upp alþjóðlega hugtakið „patent“ þess í stað og samhliða því fjallað um breytingu á heiti stofnunarinnar í Hugverkastofan.

Hlutverk Einkaleyfastofunnar og höfundaréttur

Höfundaréttur fellur undir málefnavið mennta- og menningarmálaráðuneytis og hefur ráðuneytið meginumsjón með innleiðingu gerða á því sviði, breytingum á löggjöf o.fl. er höfundaréttinum tengist og höfundaréttur fellur vissulega ekki undir hugverkaréttindi á sviði iðnaðar. Þau hugverkaréttindi sem Einkaleyfastofan hefur umsjón með og áður eru hér nefnd skarast þó við höfundarétt að mörgu leyti. *Einkaleyfi* skarast við höfundarétt þegar kemur að umsóknum um tæknilegar uppfinningar sem innihalda hugbúnað, sem eru hluti umsókna í auknum mæli. *Vörumerki* skarast við höfundarétt samkvæmt lögum um vörumerki, því skoða þarf skráningarhæfi merkja (vörumerkja og félagamerkja) með hliðsjón af því hvort þau skarast við eða fara gegn sérstökum titlum á höfundarvörðum verkum eða öðrum höfundarétti. Svipuð skörun er vegna *hönnunar* þar sem m.a. nytjalist, sem er skráningarhæf skv. lögum um hönnun, er jafnframt vernduð með höfundarétti auk þess sem hönnun nýtur ekki verndar ef hún fer gegn höfundarvörðu verki.

Í ljósi þessarar skörunar veitir Einkaleyfastofan iðulega upplýsingar og ráðgjöf í tengslum við höfundarétt og til stofnunarinnar leita aðilar einnig til þess að fá almennar upplýsingar þar um þar sem einstaklingar og/eða lögaðilar gera sér ekki alltaf grein fyrir því í hverju munurinn á réttarverndinni liggur eða hvaða réttarform hentar því sem viðkomandi er að fást við. Þegar grunnþekking stofnunarinnar á höfundarétti þrýtur er aðilum beint til mennta- og menningarmálaráðuneytisins eða rétthafasamtaka sem veitt geta nánari upplýsingar um þau réttindi. Hið sama á við um skráningu afurðarheita, viðskiptaleyndarmál, samninga á sviði hugverkaréttar o.fl.

Önnur hlutverk Einkaleyfastofunnar

Sem fyrr segir kveður áðurnefnd reglugerð einnig á um það hlutverk Einkaleyfastofunnar að veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf á þessu sviði. Slík ráðgjöf er ört vaxandi þáttur í starfsemi stofnunarinnar, ekki síst með hliðsjón af aukinni áherslu á nýsköpun. Sú ráðgjöf spannar allt frá upplýsingagjöf um tegundir réttarviða og þær umsóknarleiðir sem standa til boða til þess þegar á reynir við framfylgni réttindanna. Varðandi það síðarnefnda má nefna að Einkaleyfastofan hefur um árabíl farið fyrir hóp sem leggur sérstaka áherslu á brot gegn hugverkaréttindum og átti í raun frumkvæði að því að sá hópur var settur á laggirnar. Í honum starfa bæði fagráðuneytin (ANR og MMR), samtök rétthafa á sviði höfundaréttar og fleiri sem koma að hugverkaréttindum í víðum skilningi. Sá hópur beitti sér m.a. fyrir því að opna vefsíðuna www.falsanir.is, sem er vefsíða ætluð til upplýsinga um hugverk í víðu samhengi og brotum á slíkum rétti.

Einkaleyfastofan fer með formennsku í hugverkahópi EFTA, en það er hópur sérfræðinga sem tvisvar á ári fer yfir helstu mál á sviði hugverkaréttar með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Þau mál varða hugverkarétt á sviði iðnaðar, höfundarétt, brot gegn hugverkarétti, fríverslunarsamninga (ESB og EFTA) og alþjóðlegt samstarf á þessu sviði.



Einkaleyfastofan er einnig tengiliður varðandi hugverkaréttindi í þeim fríverslunarsamningum sem Ísland og/eða EFTA gera við önnur ríki. Stofnunin ber ábyrgð á því að lesa yfir hugverkaréttarkafila slíkra samninga og leitar til mennta- og menningarmálaráðuneytisins hvað höfundaréttinn varðar, sem og annarra þegar við á.

Sjónarmið varðandi aðrar umsagnir

Einkaleyfastofan er sammála því sjónarmiði sem fram kemur í álitum mennta- og menningarmálaráðuneytis og höfundaréttarnefndar um að sameining þessara sviða undir eina stofnun skuli ekki eiga sér stað án undanfarandi ítarlegrar umræðu. Með breytingu á heiti stofnunarinnar myndi slík sameining ekki eiga sér stað. Ákveðinn munur er að mati Einkaleyfastofunnar fólgin í því annars vegar að fara með málefni höfundaréttar og hins vegar því að veita grunnráðgjöf á því sviði til einstaklinga og fyrirtækja sem eru að fást við hugverkaréttindi í víðum skilningi. Með breytingu á nafni stofnunarinnar í Hugverkastofan yrði ekki breyting á umsýslu með höfundarétti í stjórnsýslunni. Þvert á móti myndi sú breyting að mati stofnunarinnar einfalda til muna aðgengi einstaklinga, fyrirtækja og stofnana að upplýsingum um hugverkaréttindi í heild sinni og fremur auka samskipti og samstarf við þá aðila sem fjalla um einstök svið höfundaréttarins.

Hvað varðar þann þátt sem bent er á í umsögn höfundaréttarnefndar um mun á þessum réttindum bendir Einkaleyfastofan á að þrátt fyrir að almennt sé rætt um að meginmunur á hugverkaréttindum í iðnaði og höfundarétti sé sá þáttur er lýtur að skráningu, þá getur vörumerkjaréttur einnig stofnast án skráningar. Einnig eru viðskiptaleyndarmál ekki háð skráningu en það er lítt lögfest vernd hér á landi. Innan hugverkaréttarhóps EFTA hefur sl. ár verið fjallað um nýja tilskipun Evrópusambandsins er varðar þennan anga hugverkaréttarins sérstaklega. Vonir standa til að sú tilskipun verði innleidd í EES-samninginn áður en langt um líður en lögfesting og það að finna viðskiptaleyndarmálum eiginlegan stað í stjórnsýslunni hefur ekki verið gert til þessa.

Niðurlag

Það er mat Einkaleyfastofunnar að það muni verða hagsmunum fyrirtækja og nýsköpun í landinu styrkur að breyta heiti Einkaleyfastofunnar í Hugverkastofan. Umræða um hugverk og réttindi sem þeim tengjast hefur aukist hér á landi á liðnum árum og er þróunin auk þess sú á alþjóðavísu að skoða hugverkaréttindi heildstætt og upplýsa betur um hvernig þau geta unnið saman. Má þar sem dæmi nefna Evrópsku hugverkastofuna – EUIPO (*European Intellectual Property Office*), sem aðeins hefur umsjón með skráningu vörumerkja og hönnunar en ber jafnframt ábyrgð á miðstöð vegna brota á hugverkaréttindum í víðum skilningi (*EU Observatory*), gagnagrunni um munaðarlaus höfundarverk o.fl. Að mati stofnunarinnar er afar mikilvægt á tímum aukinnar áherslu á nýsköpun í iðnaði að til staðar sé opinber stofnun sem hefur það hlutverk að veita einstaklingum, stofnunum og lögaðilum almennar upplýsingar á þessu sviði og stuðla með þeim hætti að bættu aðgengi að upplýsingum um hugverkaréttindi.

Virðingarfyllst,

Einkaleyfastofan

Margrét Hjálmarsdóttir